

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

347. FUNDUR.

347. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. janúar 2022 kl. 15:00 í Félagsheimilinu Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Þorleifur Karl Eggertsson oddviti, Valdímar Gunnlaugsson varamaður, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, aðalmaður, Friðrik Már Sigurðsson aðalmaður, Magnús Magnússon aðalmaður, Sigríður Ólafsdóttir aðalmaður og Magnús Vignir Eðvaldsson aðalmaður.

Embættismenn:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Elín Jóna Rósinberg, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Elín Jóna Rósinberg.

Oddviti setti fund. Oddviti óskaði eftir að fá að taka á dagskrá sem 9. dagskrárlið uppsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Skýrsla sveitarstjóra verður því 10. dagskrárliður.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Byggðarráð, formaður kynnti.

Fundargerð 1118. fundar byggðarráðs frá 20. desember sl. Fundargerð í 10 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 1119. fundar byggðarráðs frá 3. janúar sl. Fundargerð í 3 liðum.

Dagskrárliður 2, varnarlína við Víðidalsá.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur eigenda og og ábúenda Nípukots, Þorkelshóls, Sólbakkabúsins, Syðri-Stóruborgar, Enniskots og Miðhóps þar sem Víðidalsá heldur ekki fé, en áin er hluti af varnarlínum sauðfjárveikivarna. Nauðsynlegt er að sett verði upp varnargirðing á vesturbakka árinna frá varnargirðingu við Síðukrök út að Hópi. Sveitarstjórn hvetur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og MAST til að tryggja fjárhelda varnarlínu á milli hólfa.“

Dagskrárliður 6, erindi frá UMFÍ vegna óskar um viðræður um rekstur skólabúðanna á Reykjum.

Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 1120. fundar byggðarráðs frá 10. janúar sl. Fundargerð í 4 liðum.

Dagskrárliður 2, úthlutunarreglur 70 þorsgildistonna byggðakvóta fiskveiðiárið 2021/2022.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorsgildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2021/2022:

Ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a. 65% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 731/2020 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021. Við skiptingu þessa 65% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn, síðastliðin þrjú fiskveiðiar. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021.

b. 35% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðiar, í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021.

b) Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 995/2021 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Dagskrárliður 4, samþykkt um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum út árið 2022.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir samþykkt um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum út árið 2022. Afslátturinn nær til 9 lóða á Hvammstanga, þ.e. Bakkatún 3, 5 og 7, Grundartún 2, 13, 15 og 17, Hlíðarveg 21 og Norðurbraut 15. Afslátturinn nær yfir tvær lóðir á Laugarbakka, Teigagrund 7 og parhúsalóðina Gilsbakka 1-3.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Skipulags- og umhverfiráð, oddviti kynnti.

Fundargerð 340. fundar skipulags- og umhverfiráðs frá 11. janúar sl. Fundargerð í 5 liðum.

Dagskrárliður 1, erindi nr. 2201002, borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Dagskrárliður 2, erindi nr. 2201008, borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Dagskrárliður 3, erindi nr. 2112044, borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Dagskrárliður 5, erindi nr. 2201019, borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.


3. Jafnlaunastefna Húnaþings vestra.


Lögð fram eftirfarandi tillaga:


„Sveitarstjórn samþykkir Jafnlaunastefnu Húnaþings vestra.“


- Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 4. Reglur um frístundakort.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir breyttar reglur um frístundakort.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 5. Húsnæðisáætlun 2022.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að húsnæðisáætlun 2022 og felur sveitarstjóra að skila áætluninni inn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 6. Samþykkt um breytingu á samþykktum um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019, með síðari breytingum.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á samþykktum um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019, með síðari breytingum, og vísar til síðari umræðu sveitarstjórnar.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 7. Tilnefning fulltrúa í starfshóp á vegum Ungmennafélagsins Kormáks, Meistaraflokksráðs Kormáks og Ungmennasambands Vestur-Húnvetninga.**
Lagt fram bréf dagsett 10. janúar sl. þar sem óskað er eftir því að Húnaþing vestra tilnefni fulltrúa í starfshóp á vegum Ungmennafélagsins Kormáks, Meistaraflokksráðs Kormáks og Ungmennasambands Vestur-Húnvetninga. Starfshópurinn hafi það verkefni að skoða möguleika á bráðabirgðaaðstöðu og varanlegu aðstöðuhúsi í Kirkjuhvammi.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Sveinbjörgu Rut Pétursdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í starfshópnum.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 8. Gjaldskrá**
Gjaldskrá Grunnskóla Húnaþings vestra, dreifnáms og fjarfundastofu.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir breytta gjaldskrá Grunnskóla Húnaþings vestra, dreifnáms og fjarfundastofu.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
Gjaldskrá Brunavarna Húnaþings vestra, fyrri umræða.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
„Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar til seinni umræðu sveitarstjórnar.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 9. Uppsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs.**
Jenny Þórkatla Magnúsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, hefur sagt starfi sínu lausu og óskar eftir að láta af störfum þann 31. maí nk. Sveitarstjórn þakkar Jennýju Þórkötlu fyrir störf hennar í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.
- 10. Skýrsla sveitarstjóra.**
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.


Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:49.



Þorleifur Karl Eggertsson



Valdimar H. Gunnlaugsson



Friðrik Már Sigurðsson


Ingveldur Ása Konráðsdóttir


Magnús Magnússon


Sigríður Ólafsdóttir


Magnús Vignir Eðvaldsson


Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir